

**From:** Dögg Hilmarsdóttir [<mailto:dogg@fangelsi.is>]  
**Sent:** 18. mars 2015 07:52  
**To:** Gunnlaugur Helgason  
**Subject:** svar við fyrirspurn

322. mál

Sæll Gunnlaugur

Langar að byrja á að leiðrétta það sem ég sagði á fundi Velferðarnefndar varðandi fanga sem vinna utan fangelsis og greiðslur vegna þess. Heimildir til vinnu utan fangelsis eru bæði samkvæmt 18. gr. (þeir fá greidda þóknun frá fangelsinu) og samkvæmt 47. gr. (þeir fá greidd laun). Í dag er enginn að fá greidd laun samkvæmt 47. gr.

Áður en kemur að tölum um fjölda fanga sem fá greidda þóknun læt ég fylgja með 18. gr. -20. gr og 47 gr. í lögum um fullnustu refsinga og gjaldskrá sem hefur verið sett upp þannig að hægt sé að glöggva sig á upphæðum.

**18. gr.** Vinna í fangelsi.

- Fanga er rétt og skylt, eftir því sem aðstæður leyfa, að stunda vinnu eða aðra viðurkennda starfsemi í fangeisi.*
- Forstöðumaður fangelsis ákveður hvaða vinnu fanga er fallið að inna af hendi. Við ákvörðun um vinnu fanga skal tekið tillit til aðstæðna hans og óska eftir því sem unnt er.*
- Fanga er heimilt að útvega sér aðra vinnu en greinir í 1. og 2. mgr. að fengnu samþykki forstöðumanns fangelsis. Forstöðumaður fangelsis getur heimilað fanga að uppfylla vinnuskyldu sína í kjefta sínum ef aðstæður leyfa og aðrar ástæður mæla ekki gegn því.*
- Fangi skai vinna alla virka daga nema laugardaga. Vinna skai að jafnaði innt af hendi frá kl. 8 til kl. 17, þó þannig að dagiegur vinnutími verði að jafnaði ekki lengri en átta klukkustundir. Vinnu sem tengist rekstri fangelsis má inna af hendi utan dagvinnutíma.*

■ **19. gr.** Nám og starfsþjálfun.

- Fangi skai eiga kost á að stunda nám, starfsþjálfun eða taka þátt í annarri starfsemi sem fram fer í fangeisi eftir því sem unnt er og hann telst hæfur til.*
- Regiubundið nám kemur í stað vinnuskyidu. Hver kennslustund jafngildir einni klukkustund í vinnu.*
- Stundi fangi ekki nám með eðlilegum hætti getur skólameistari, að höfðu samráði við forstöðumann, ákveðið að víkja fanga úr námi. Fangelsi útvegar og greiðir fyrir kennsiubækur vegna náms í fangelsi og eru þær eign fangelsis.*

■ **20. gr.** Þóknun og dagpeningar.

- Fanga skal greiða þóknun fyrir ástundun vinnu eða náms. Sé ekki unnt að útvega fanga vinnu, eða hann getur samkvæmt iæknisvottorði ekki sinnt vinnuskyidu, skai hann fá greidda dagpeninga fyrir þá daga sem hann hefði ella unnið. Fangelsismálastofnun ákveður fjárhæð dagpeninga og skal hún miðast við að fangi eigi fyrir brýnustu nauðsynjum til persónuiegrar umhirðu.*
- Fangi sem á kost á vinnu, eða útvegar sér hana sjálfur, fær ekki dagpeninga. Sama gildir um fanga sem vikið er úr vinnu eða neitar að vinna án gjardrar ástæðu.*

47. gr. Nám, vinna eða starfsþjálfun utan fangelsis.

Fangelsismálastofnun getur veitt fanga sem afþiánar refsingu leyfi til dvalar utan fangeisis til að stunda nám, vinnu eða starfsþjálfun ef það telst heppilegt sem þáttur í refsifulinustu eða tii að búa fanga undir að afplánun ljúki. Forstöðumaður fangelsis ákveður í samráði við fangeisismálastofnun hvernig gæslu á fanganum skuli hagað í ieyfinu. Síkt ieyfi er að jafnaði ekki veitt fyrr en fangi hefur afplánað þriðjung refsítímans, þó að iágmarki eitt ár. Þegar fangi hefur verið samfellt í fjögur ár í fangeisi er heimilt að veita honum síkt ieyfi þótt þriðjungur refsítímans sé ekki liðinn.

Áður en ieyfi til dvalar utan fangeisis skv. 1. mgr. er veitt skal liggja fyrir staðfest stundaskrá og skrifleg staðfesting skóla eða vottorð vinnuveitanda eða þess sem veitir starfsþjálfun um að fangi geti hafð og stundað nám, vinnu eða starfsþjálfun þann tíma sem fyrirhugað er að ieyfið giði. Þá skai gengið úr skugga um að þessum aðilum sé ljóst að um fanga sé að ræða sem afþiáni refsingu og þeim gerð grein fyrir reglum og skilyrðum sem gilda um ieyfið.

---

Gjaldskrá : Þóknun fyrir vinnu og nám og upphæð dagpeninga tii fanga

---

1. gr. Fyrir störf afþiánunarfanga í fangeisum skulu þeir hljóta eftirfarandi þóknun: 1. Fyrir ræstingastörf, þrif í eidhúsi og sambærileg störf skai greiða 335 krónur á kiukkustund. 2. Fyrir skólasókn í fangaskóla, störf í þvottahúsi, aimennt viðhald, heyvinnu, ióðarsnyrtingu, pökkun, umbrotsvinnu og sambærileg störf skai greiða 380 krónur á kiukkustund. 3. Fyrir brettasmíði, vinnu á járnsmíðaverkstæði, númeragerð, pappöskju-framleiðslu, steypuframleiðslu, vinnu á trésmíðaverkstæði, véiaviðgerðir og sambærileg störf skai greiða 415 krónur á kiukkustund. 4. Fyrir flokksstjórn skai greiða 440 krónur á kiukkustund. 2. gr. Fyrirkomuiag ákvæðisvinnu vegna beitningar- og línu- og netavinnu í Fangelsinu Kviabryggju og Fangelsinu Litia-Hrauni skai vera með eftirfarandi hætti: Beitning með síld 1.300 kr/500 krókar Beitning með ioðnu eða síii 1.425 kr/500 krókar Skurður á síld 155 kr/500 krókar Línuuppstokkun 840 kr/500 krókar Áhnýting 1.670 kr/500 krókar Þorskanet, pípur 370 kr/stk. Þorskanet, afskurður 570 kr/stk. Þorskanet, feiiling 630 kr/stk. Grásleppunet, pípur 315 kr/stk. Grásleppunet, afskurður og feiiling 350 kr/stk. Sé krókatala iægri en 500 skai greiða hlutfall af tiigreindum fjárhæðum. 3. gr. Þegar gæsluvarðhaldsfangar vinna í fangelsum skai þeim greidd þóknun fyrir störf sín með sama hætti og að ofan greinir. 4. gr. Fjárhæð dagpeninga fanga skai vera 630 krónur á dag. Dagpeningar skulu einungis greiddir virka daga frá mánudegi tii föstudags. 5. gr. Gjaldskrá þessi er sett af Fangelsismálastofnun ríkisins og byggist á heimild í 4. gr. reglugerðar um fullnustu refsinga nr. 961/2005. Gjaldskráin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá um þóknun fyrir vinnu og nám og upphæð dagpeninga fanga frá 1. febrúar 2008. Fangelsismálastofnun ríkisins, 27. nóvember 2014 Páli E. Winkei (sign.)

Í síðustu viku var þetta þannig:

Á Litla-Hrauni:

27 - þóknun vegna náms í skóla. (miðað við 77 fanga er það c.a. 35%)

48 - þóknun vegna vinnu í fangelsinu. (miðað við 77 fanga er það c.a. 62%)

Á Sogni:

15 - þóknun vegna vinnu og skóla í fangelsinu (miðað við 20 fanga er það 75%)

4 - þóknun vegna vinnu utan fangelsis. (miðað við 20 fanga er það (20 %)

## Kvíabryggja

### Í síðustu viku

16 – þóknun vegna vinnu á Kvíabryggju þ.e. við viðhald eigna, landbúnað, eldhús, þrif í húsunum, bílaþrif og -bón. (miðað við 23 er það 70%)

1 - vann 13 tíma utan fangelsis. (miðað við 23 er það 4%)

5 – þóknun vegna náms (miðað við 23 er það 22%)

### Hegningarhúsið

3 - þóknun vegna vinnu við ræstingar (miðað við 16 er það 19%)

Tilfallandi aukaprif og önnur vinna dreifist á fanga eftir atvikum.

Enginn vinnur utan fangelsis.

### Fangelsið Kópavogsbraut 17

3 - þóknun vegna vinnu við ræstingar og eldhús. (miðað við 12 er það 25%)

7-10 - þóknun vegna vinnu fyrir fyrirtæki. Sú vinna er mismikil eftir verkefnum sem fást. (miðað við 12 fanga er það 58% – 83%)

7- þóknun vegna náms (miðað við 12 fanga er það 58%)

Enginn vinnur utan fangelsis.

### Fangelsið Akureyri

6 - þóknun vegna vinnu við ræstingar og ýmis verk sem þarf að vinna. (miðað við 10 er það 60%)

7 – þóknun vegna náms – ( miðað við 10 er það 70%)

Tilfallandi eru svo aukaprif og utanaðkomandi vinna sem er mismikil.

Enginn vinnur utan fangelsis.

### Með kveðju

*Dögg Hilmarsdóttir, félagsráðgjafi*

*Fangelsismálastofnun ríkisins  
Austurströnd 5  
170 Seltjarnarnesi*